

Nd.

683. Rökstudd dagskrá

samþykkt í Nd. 28. ágúst.

Flutningsmaður: Einar Arnórsson.

(Frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum á þgskj. 434).

Í þeirri von, að landsstjórnin athugi, hvort takast megi og hvort rjett sje að leggja almenna forkaupsrjettarkvöð á jarðeignir á landi hjer, og undirbúi, ef fært þykir, frumvarp um það fyrir næsta Alþingi, tekur deildin til meðferðar næsta mál á dagskrá.